

Sp.

58. Tillaga til þingsályktunar

um lagningu Siglufjarðarvegjar.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason, Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson, Erlendur Þorsteinsson, Stefán Stefánsson, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri leggja veg yfir háhrygg Siglufjarðarskarðs og jafnframt ljúka vegagerð frá Ketilási að Hraunum í Fljótum.

Greinargerð.

Á vetrarþinginu 1941 báru flm. þessarar þáttill. fram till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að láta fullgera veginn frá Siglufirði alla leið að vegamótum við Ketilás í Fljótum á næsta sumri (1942). Þessi þáttill. hafði mikið fylgi í þinginu, og má telja víst, að hún hefði orðið samþ., ef hún hefði verið borin undir atkvæði, en hún var aldrei tekin til umræðu í þinginu þrátt fyrir viðleitni flutningsmanna, heldur var þáttill. tekin út af dagskrá óráedd í þau skipti, sem hún var sett þar.

Um rök fyrir nauðsyn þessa vegar og um kostnað við lagningu hans vísast til greinargerðar, er fylgdi þáttill. í fyrra, svo og til bréfs vegamálastjóra, sbr. þskj. 138 á aðalþingi 1941.

Nú er þáttill. borin fram nokkuð breytt frá því, sem hún var í fyrra, þannig að aðeins er farið fram á, að vegurinn yfir háskarðið og kaflinn frá Ketilási að Hraunum í Fljótum verði fullgerðir.

Ástæðan til þess, að í þessari till. er nú farið skemmra heldur en í till. á síðasta reglulegu þingi er sú, að búast má við, að vinnukraft skorti til þess að fullgera veginn alla leið. Hins vegar má gera sér vonir um, að hægt sé með litlum kostnaði að ryðja kaflann milli Hrauna og skarðsins, svo að hann verði bilfær til bráðabirgða, og komist þá Siglufjarðarbær í samband við vegakerfi landsins, en á því er hin mesta nauðsyn og hefur aldrei verið eins mikil og nú.